

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð

**Efni:** Tillaga vegna stofnframlags Þroskahjálpar

**Dags:** 5. maí 2023

**Málsnúmer:** 202002120/10.6.0

**Sendandi:** Sigurbjörg Fjölinsdóttir, Framkvæmdastjóri velferðarsviðs

---

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að veita Húsbyggingasjóði Þroskahjálpar stofnframlag vegna byggingar fimm íbúða búsetukjarna að Úgötu 1 upp á 29,2 m.kr. Ekki er áætlað fyrir framlögunum í fjárhagsáætlun og því er lagt til að bæjarráð feli fjármálastjóra að útbúa viðauka vegna þess.

Jafnframt er lagt til að bæjarstjóra verði falið að undirrita meðfylgjandi sundurliðun á veitingu stofnframlagsins.

### Greinargerð:

Á 1331. fundi bæjarráðs þann 23. nóvember 2017 var framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs falið að hefja viðræður við Landssamtökin Þroskahjálpar um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í samvinnu við Mosfellsbær. Þær viðræður leiddu til þess að á árinu 2021 var áætlað fyrir stofnframlögum til Þroskahjálpar vegna byggingar fimm íbúða kjarna. Þroskahjálpar sótti um stofnframlög til Mosfellsbæjar það sama ár upp á samtals 23,6 mkr. og var samþykkt að úthluta þeim framlögum til Þroskahjálpar vegna byggingar kjarnans. Á fundi bæjaráðs þann 16. mars sl. var samþykkt að úthluta lóðinni að Úgötu 1 til Þroskahjálpar til byggingar fimm íbúða kjarna. Vegna tafar í afhendingu lóða að Úgötu sendi Mosfellsbær yfirlýsingu, þann 1. mars 2022 til Þroskahjálpar þar sem óskað var eftir því að Þroskahjálpar myndi óska eftir því við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) að samþykki HMS fyrir stofnframlögum myndi halda sér á árinu 2022. HMS samþykkti þá ósk Þroskahjálpar. Í byrjun janúar þessa árs barst Mosfellsbæ bréf frá Þroskahjálpar þar sem kom fram að HMS hefði beðið Þroskahjálpar að skila inn stofnframlagsumsókninni sem samþykkt var á árinu 2021 og hélt sér á árinu 2022 og þeim bent á að skila þyrfti inn nýrri umsókn á árinu 2023.

Þroskahjálpar hefur sent nýja umsókn til HMS um stofnframlög á árinu 2023 sem og til Mosfellsbæjar, upp á 29,2 mkr., en stofnvirði verkefnisins er í heild 243,2 mkr. Áætlað var fyrir stofnframlögunum í fjárhagsáætlun ársins 2021 en ekki er áætlað fyrir þeim í áætlun ársins 2023. Stofnframlagið er annars vegar í formi opinberra gjalda upp á 23 m.kr. og hins vegar í formi beins fjárfraamlags upp á 6 mkr., sjá fylgiskjal 1.

Þann 27. apríl sl. barst Mosfellsbæ beiðni frá HMS um að fá staðfestingu frá sveitarstjórn Mosfellsbæjar um hvort sveitarfélagið hefði samþykkt umsókn Þroskahjálpar um stofnframlag, en veiting stofnframlags sveitarfélagsins er forsenda fyrir því að HMS samþykki umsókn Þroskahjálpar. Að auki óskar HMS eftir sundurliðun á veitingu stofnframlagsins, merkt sem fylgiskjal 1, sem óskað er eftir að bæjarstjóri undirriti fyrir hönd sveitarfélagsins.

*Virðingarfyllt,  
Sigurbjörg Fjölisdóttir*

**Fylgiskjal:**

1. Sundurliðun á veitingu stofnframlags.
2. Erindi frá HMS þar sem óskað er staðfestingar sveitarstjórnar á samþykki stofnframlags.